

Miðvikudaginn 8. febr. 1933.

Nr. 134/1932. Réttvísinn og valdstjórnin

(Eggert Claessen)

gegn

Hrefnu Þorsteinsdóttur

(Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn 200. gr. hegnl. o. fl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. febr. 1932: Ákærða, Hrefna Þorsteinsdóttir, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústafs A. Sveinssonar, málaflutningsmanns. Hún skal og svift réttindum til að öðlast ökuleyfi í 5 ár frá 3. apríl 1932, að telja.

Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærða innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði. og sé í því máli dæmd til þyngri refsingar en sekta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt lýsingu þeirri á málsatvikum, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, hefir ákærða gerzt brotleg:

Í fyrsta lagi við 1. málsg. 5. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 1. málsg. 5. gr. laga nr. 70/1931, með því að aka bifreið án handleiðslu löggilts ökukennara, enda þótt hún hefði hvorki ökuþróf né ökuleyfi.

Í öðru lagi við 2. málsg. 6. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 2. málsg. 6. gr. laga nr. 70/1931, með því að aka hraðar en lögleyft er, og hefir hún þar með sýnt verulega óvarkárni, með því að hana skorti allmikið á kunnáttu og leikni í bifreiðastjórn og dimmt var af nóttu.

Í þriðja lagi við 3. málsg. 5. gr. laga nr. 56/1926, sbr. nú 3. málsg. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 20. gr. laga nr. 64/1930, með því að hún neytti áfengis um það bil er hún tók við stjórn bifreiðarinnar og eftir það.

Í fjórða lagi verður að telja ákærðu hafa fyrir óvarlegan akstur orðið valda að slysi, er af sér leiddi þegar dauða eins manns, Guðmundar kaupmanns Jóhannssonar, og varðar það brot við 200. gr. almennra hegningarlaga. Hinsvegar þykir ekki verða fullyrt, að henni verði gefin sök á dauða Páls Þórðarsonar, sem lést ekki fyrr en 19. apríl f. á., og eftir því, sem fram er komið fyrir hæstarétti, af sjúkleika, sem með honum bjó áður en slysið vildi til. Þessi maður hlaut alvarleg meiðsl af bifreiðarslysinu, þar á meðal brot á hálslið, en ákærðu hefir aðeins verið stefnt til ábyrgðar fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna auk áður-nefndra fyrirmæla áfengis- og bifreiðarlaga, svo að ekki þykir heimilt að dæma hana í máli þessu fyrir líkamsmeiðsl eftir 206. sbr. 209. gr. hegningarlaganna eða analögu þeirra.

Refsing ákærðu, sem var aðeins 17 ára er ofanefnd brot voru framin, þykir með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi, en ekki þykir fært að binda fullnustu refsingarinnar skilyrðum laga nr. 39/1907.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um það, að svifta mann, sem ekki hefir fengið ökuleyfi, rétti til að fá það síðar, að uppfylltum lögmætum skilyrðum. Og með því að viðurlög við brotum á bifreiðalögum og þar að lútandi ákvæðum áfengislaga virðast vera tæmandi talin, þykir þegar af þeirri ástæðu ekki vera heimilt að beita ákvæðum

þeirra um svifingu ökuleyfis analogice til að svifta þann, sem ekki hefir fengið það, rétti til að fá það síðar.

Samkvæmt framangreindum sakarúrlitum verður að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Það athugast um málsmeðferð í héraði, að ekki hefir verið tekin skýrsla fyrir rétti af Páli heitnum Þórðarsyni, enda þótt þess virðist stundum hafa verið kostur á tímabilinu frá 10. okt. 1931, er hann fór af Landsspítalanum og til 22. jan. f. á., er málið var tekið til dóms.

Því dæmist rétt vera :

Ákærða, Hrefna Þorsteinsdóttir, sæti 15 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hún allan sakarkostnað, bæði í héraði, þar með taldar 60 kr. til verjanda þar og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu réttvisinnar og valdstjórnarinnar höfðað gegn Hrefnu Þorsteinsdóttur, Laugaveg 52, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 51, 1928, laga nr. 56, 1926 um notkun bifreiða, sbr. lög nr. 70, 1931, og laga nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

I.

Aðfaranótt 1. september s. l. klukkan 1,30 var tilkynnt í síma til lögregluvarðstofunnar, að bifreiðarslys hefði orðið í Sogunum innan við bæinn. Fór lögreglan þá þegar á vettvang, og kom þá í ljós, að bifreiðin R. E. 848 hafði farið út af þjóðveginum sunnanverðum, vestanvert við afleggjara þann, sem liggur heim að nýbýlunum í Sogunum.

Í bifreiðinni hafði verið ákærða, Páll Þórðarson, verzlunarmaður, Guðmundur Jóhannsson, bæjarfulltrúi, og Svava Jónatansdóttir, og hafði ákærða stjórnað bifreiðinni, er slysið vildi til, Voru þau öll slösuð meira og minna, og höfðu tveir menn, sem borið hafði að á undan lögreglunni, hagrætt þeim eftir föngum, en nú voru þau að fyrirlagi og undir umsjón næturlæknisins, Daniels Fjeldsteds, sem kvaddur hafði verið á vettvang, af lögreglunni, flutt á Landsspítalann. En á leiðinni á Landsspítalann andaðist Guðmundur bæjarfulltrúi Jóhannsson, og var lík hans lagt inn í líkhús spítalans. Skoðaði prófessor Guðmundur Thoroddsen yfirlæknir á spítalanum líkið. Hefir hann sem vitni í lögregluréttinum skýrt svo frá, að andlitið hafi verið töluvert blóðhlaupið og andlit og háls niður á brjóst úttútnað af lofti, sem komið hafði út undir húðina. Telur yfirlæknirinn banameinið sennilegast meiðsli á höfði og heila.

Þá hin þrjú sem lífs komust frá slysinu voru öll lögð inn á spítalann og hafði prófessorinn þau undir lækni-hendi. Meiðslum þeirra og ástandi, er þau komu á spítalann, hefir hann lýst sem eftirfarandi:

1. „Svava var lítið meidd og náði sér fljótt aftur, svo hún gat farið af spítalanum næsta dag. Hún hefir sennilega aðeins fengið léttan heilahristing. Hún sýndist ekki vera undir áhrifum vins. Hún kastaði upp rétt eftir að hún kom á spítalann, og vinlykt fannst engin af uppkastinu, en það var athugað bæði af prófessornum og fleirum“.

2. „Páll Þórðarson hafði tvö litil sár á höfði, sennilega brot á hauskúpubotni, þó ekki sæist á röntgenmynd. Auk þess var brotinn einn hálsliður og genginn töluvert úr lagi. Af Páli var megn vinlykt, og bar hann öll merki ölv-

unar, þó ekki sé hægt að segja um, á hvaða stigi ölvunin hafði verið, vegna þeirra áhrifa, sem slysið og meiðslin höfðu haft á heila hans. Hann lá á spítalanum þangað til 10. október s. l. Þá var hann orðinn vel hress, en þó mjög stirður í hálsi“. — Ekki var upplýst í máli þessu um heilsufar hans síðan.

3. „Hrefna hafði sár á höfði frá hægri kinn upp yfir enni og aftur fyrir eyra, og var sárið með þeim hætti, að húðinni var flett upp á þessu svæði. Þetta sár var saumað saman, og greri sárið að fullu svo að eftir varð strikmyndað ör. Hún mun hafa fengið léttan heilahristing. Hrefna var ekki svo séð yrði undir áhrifum vins, og fannst engin vínlykt af henni svo greint yrði“. — Í réttarhaldi 31. okt. s. l. telur ákærða sig jafngóða af slysi þessu.

II.

Um aðdragandann og atvik öll að framangreindu slysi er með játningu ákærðu og öðrum gögnum upplýst eftirfarandi:

Að kvöldi hins 31. ágúst s. l. sótti Páll Þórðarson ákærðu og Svöfu Jónatansdóttur heim til ákærðu á Laugaveg 52 hér í bænum í bifreiðinni R. E. 848. Óku þau þaðan klukkan 9 um kvöldið og fyrst að Hallveigarstig 10 til þess að leita Guðmundar Jóhannssonar, en þar var heimili hans. Þennan spöl frá Laugaveg 52 að Hallveigarstig 10 ók Páll bílnum. Er þangað kom var numið staðar, og fór Svava þar út og inn til Guðmundar, en hann var þá ekki heima. Á meðan hún var inni tók Páll upp hálfflösku með áfengi, sem ákærða hyggur að hafi verið spánarvín og bauð ákærðu, og kveðst hún aðeins hafa smakkað á því, en Páll hafi þá ekkert drukkið sjálfur. Er Guðmundur Jóhannsson ekki var heima, var haldið að verzlunarhúsi hans við Baldursgötu til þess að leita hans þar, og ók ákærða bílnum þá leið. Er hann ekki var þar, óku þau niður að Hótel Borg, en ekki er upplýst hvort þeirra ákærðu eða Páls óku þangað. Settust þau þar inn og fengu öll sitrón að drekka. Tók Páll þar upp framangreinda áfengisflösku og helti í glösin hjá þeim öllum, en rétti glösin undir borð á meðan hann hellti í þau út í sitrónið, svo ekki varð greinilega séð, hvað mikið fór í hvert glas af áfengi, en öll drukku þau blönduna. Út af Hótel Borg fóru þau um

klukkan 11 um kvöldið. Var þá enn farið að leita Guðmundar Jóhannssonar. Ók ákærða þá bílnum upp á Hallveigarstig 10. Fóru þau þar inn í íbúð hans, og er hann ekki var heima hringdu þau þaðan í búðina til hans, en enginn ansaði þar í símann, fóru þau niður á Hótel Ísland, og fengu sér öl og sitrón að drekka. Hringdi ákærða þaðan í búð Guðmundar við Baldursgötu, og var hann þá þar. Óku þau þá þangað og tóku Guðmund í bílinn, og óku þau svo öll heim til hans á Hallveigarstig 10. Þar veitti Guðmundur þeim spánarvín, og kveðst ákærða hafa drukkið úr litlu vatnsglasi vín þetta blandað úti sitrón. Klukkan um 12 á miðnætti fóru þau síðan öll í bifreiðina, og ók ákærða henni þá, og hafði hún ekið henni síðan farið var frá Hótel Borg, ók hún fyrst til heimilis Páls Þórðarsonar í Ingólfsstræti 7, og skrapp hann þar inn til sín, í þeim tilgangi að því er vitnið Svafa Jónatansdóttir hermir, að ná sér í áfengi, en frekar er ekki upplýst þar um. Ók ákærða síðan áleiðis inn úr bænum, en nam staðar við viðgerðarverkstæði Sveins Egilssonar, þar sem Páll hafði atvinnu. Fóru þeir Páll og Guðmundur þar út úr og inn í verkstæðishúsin og dvaldist þar í ca. 15 mínútur, en ekki er upplýst um erindi þeirra þangað. Er þeir voru komnir aftur ók ákærða sem leið liggur inn úr bænum áleiðis austur þjóðveginn, en er komið var að Elliðaánum, tók Páll við stjórn bílsins og ók honum þaðan og upp að Baldurshaga. Var numið staðar þar, og var Páll þá orðinn úturdrukinn. Var þá ekki haldið lengra en snúið við til bæjarins aftur, og ók ákærða þá bifreiðinni. Kveðst hún hafa ekið á 25—30 kílómetra hraða á klukkustund unz þau komu niður í Sogin. Jók hún þá hraðann smátt og smátt upp í að því er hún ætlar 50 kílómetra. Kveður ákærða Guðmund Jóhannsson þá hafa kallað til hennar, að aka ekki svona hratt. Sté ákærða þá á hemla bílsins til þess að draga úr ferðinni, en þá kveðst hún hafa misst alla stjórn á bifreiðinni og hún þá farið út af veginum. Lengra nær skýrsla ákærðu ekki um slys þetta. Því frá þessu augnabliki að billinn fór út af veginum man hún ekkert fyrr en hún er á leið til spítalans. Er slys þetta vildi til mun klukkan hafa verið um eitt eftir miðnætti. Var þá gott veður en myrkur.

Um aksturinn frá Baldurshaga hefir vitnið Svafa Jóna-

tansdóttir, er sat í aftursæti bilsins, borið, að Guðmundur hafi fundið að því, hve hratt ákærða æki, og hyggur, að billinn hafi þá verið á 40—50 kílómetra hraða. Hægði ákærða þá hraðann. Þegar komið var niður í Sogin. Kveður hún ákærðu hafa haft orð á því, að þá stæði mælirinn á 30 kílómetra hraða. Síðan hafi ákærða aukið hraðann, og haft orð á því, að mælirinn stæði á 50 kílómetrum, og billinn síðan farið útaf veginum rétt á eftir. Ákærða kveðst ekki muna eftir, að hún hefði orð á þessu. Páll Þórðarson var yfirheyrður af yfirlögregluþjóninum nokkru eftir slysið. En það hefir ekki sakir veikinda hans verið hægt að taka skýrslu af honum fyrir rétti. Bar hann þá að hann hefði á leiðinni frá Baldurshaga fallið í dvala sakir ölvunar og ekki komizt til meðvitundar fyrr en á spítalanum. Hefir hann því ekkert getað borið um aksturinn niður eftir eða slysið sjálft. Verður því um ökuhraðann að byggja á framburði ákærðu og framburði Svöfu, að svo miklu leyti, sem hann er í samræmi við framburð ákærðu.

Eins og að framan greinir, hefir ákærða játað, að hún hafi þrisvar þetta kvöld neytt áfengis. En hún hefir neit að því að hún hafi fundið til áhrifa áfengis, og læknirinn sem tók við henni á spítalanum sá engin merki þess, að hún væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Svafa Jónatansdóttir kveðst hinsvegar hafa séð, að hún var hreyfari en að vanda eftir vinnautnina, en með því að frekari gögn eru ekki fyrir hendi um þetta atriði, verður að telja það ósannað, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Enginn þeirra, er í bílnum voru, hafa getað upplýst nánar um slysið sjálft, eftir að vagninn fór út af veginum. Verður því ekkert um það sagt annað en það, sem ráðið verður af vegsummerkjum eftir á. Að tilhlutun lögreglunnar gerði Halldór Pálsson, verkfræðingur strax næsta morgun, uppdrátt af staðnum, þar sem billinn fór út af og sýnilegum vegsummerkjum. Var uppdráttur þessi lagður fram í málinu, og staðfesti verkfræðingurinn hann fyrir lögregluréttinum. Skal nú athugað hvað dregið verður af vegsummerkjum um hreyfingar bilsins, eftir að hann fór út af veginum. Hjólförin sjást greinilega skáhalt út af veginum. Liggja þau síðan spölkorn beint meðfram veginum.

Þá virðist farið eftir vinstra hjólið beinast inn á veginn, en í framhaldi af því eru holur og rót í jörðunni og í því glerbrot, er sýnir að billinn hefir oltið þarna um. Upp í ca. 50 centimetra hárri grjóthrúgu í 11,4 metra fjarlægð frá þeim stað, stóð billinn á hjólum. Vitnið Einar Jósefsson hefir borið, að austanvert við far það, sem vinstri hjól bilsins höfðu myndað í vegbrúnina, er vagninn fór út af, hafi á ca. meters vegalengd verið greinilegt far eftir hjólin, og borið það með sér, að hjólin hafi verið hemluð á þessu bili. En sama vitni kveðst ekkert tilsvareandi far hafa séð eftir hægri hjólin. Yfirlögregluþjónninn hefir og borið, að þetta far hafi verið svo greinilegt, að verið gæti að hemlur hafi verið á hjólunum, en gat þó ekki fullyrt neitt um það. Vitnið Einar, sem er bifreiðarstjóri, lét það álit sitt í ljósi, að þetta virtist bera vott um það, að bremsurnar hefðu ekki verkað nema vinstra megin, og billinn þá snúizt til vinstri og farið út af veginum. Hinsvegar taldi vitnið að slíkt mundi ekki hafa getað valdið útaf akstrinum, nema því aðeins að billinn hafi verið á 50—60 kílómetra hraða. Eftir slysið var billinn svo brotinn og úr lagi genginn, að ekki var unnt að sjá, hvort bremsurnar hefðu verið bilaðar eða ekki verkað jafnt til beggja hliða.

Hinsvegar má telja alveg víst, að hefðu bremsurnar verkað nokkrum mun meira vinstra en hægra megin í tilfelli því, er hér um ræðir, er billinn var á 50 kílómetra hraða á klukkustund, þá hefði hann oltið um út af veginum. En nú er upplýst, að hann fór á hjólunum út af veginum og rann á þeim nokkuð meðfram veginum, og veltur ekki fyrr en honum er beint inn á veginn aftur til hægri. *Það sannar ekkert í þá átt, að bremsurnar hafi aðeins verkað vinstra megin, að ákærða kveður sér hafa fundizt sem stýrið kipptist af henni,* er hún bremsaði, því ef bremsað er í hliðarhalla, mun ökumanninum jafnan finnast þau hjólin þyngja meira á stýrið, sem neðar eru í hallanum, þó ekki sé hann mikill, en í þessu tilfelli voru vinstri hjólin í vegjaðrinum, *sem sjálfsagt hefir verið heldur lægri en vegmiðjan.* Í þessu sambandi er og að líta á það, að billinn var sem sagt nýr, og skoðaður síðast hálfum öðrum mánuði fyrir slysið, og var hann þá í ágætu standi, enda talinn vera það, er slysið vildi til. Rétturinn verður því að líta svo á, að það að billinn fór út af veginum um-

rætt skipti og það, að slysið vildi til, er leiddi af sér dauða Guðmundar Jóhannssonar hafi stafað af of hröðum akstri samfara ónógri stjórn ákærðu á bifreiðinni.

Það er upplýst í málinu, að ákærða hafði hvorki ökuskirteini né próf til bifreiðarstjórnar. —

Þá hefir verið lýst nokkuð athöfnum þeim, sem ákært er fyrir, og ber nú að álykta, að hve miklu leyti þær verði taldar varða við lög þau, sem stefnan greinir.

Með því að neyta vins, og aka síðan alveg í framhaldi af vinnautninni, hefir ákærða að álitu réttarins brotið gegn 20. grein áfengislaganna nr. 64 frá 1930, og 5. gr. 3. málsgrein, sbr. 14. gr. laga nr. 56, 1926, sbr. sömu greinar laga nr. 70, 1931.

Með því að aka á allt að 50 kílómetra hraða á klukkustund í myrkri, hefir ákærða brotið gegn 6. grein 2. málsgrein laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða.

Þá hefir ákærða með því að aka án þess að hafa ökuskirteini brotið gegn 5. grein 1. málsgrein laga nr. 56, 1926, sbr. sömu grein laga nr. 70, 1931. Þetta gerði ákærða ekki af því, að hún væri tilneydd vegna þess að bilstjórinn fatlaðist frá starfinu, því hún ók strax innan bæjarins og út úr honum.

Það, að ákærða ók svo hratt, sem framan greinir, er slysið vildi til, vitandi það, að hún hafði neytt vins, og mátti því búast við, að hún hefði ekki óskerta hæfni til að stjórna bílnum, jafnframt því, sem hún er próflaus, verður að telja stórkostlegt gáleysi, og þar sem manns bani hlaut af, verður að telja hana seka um brot gegn 200. grein hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

Við brot ákærðu á bifreiðarlögunum liggur auk sekta svifting ökuleyfis. Nú hafði ákærða ekki ökuleyfi, og er þá ekki til að dreifa svifting þess. Hinsvegar þykir rétt að láta ákvæði þessi ná analogískt til réttarins til þess að fá ökuleyfi, og ber því að svifta ákærðu þeim rétti á sama hátt og ökuskirteini, ef það hefði verið fyrir hendi.

Ákærða hefir náð lögaldri sakamanna, er fædd 3. apríl 1914. Hún hefir aldrei áður sætt refsingu. Með tilliti til þess, að hún er ekki enn fullra 18 ára, ákveðst refsingin með hliðsjón af 38. grein hegningarlaganna 30 daga einfalt fangelsi. Hún skal og svift réttinum til þess, að öðlast ökuskirteini í 5 ár frá fullnuðum 18 ára aldri eða frá 3.

apríl næstkomandi að telja. Hún greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústavs A. Sveinssonar, málaflutningsmanns.

Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða og þó sérstaklega með tilliti til æsku ákærðu. Þykir rétt að ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 39, 1907.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið nokkur dráttur vegna þess að ekki var hægt sakir veikinda hinna slösuðu að leiða þau fyrir rétt lengi vel. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Föstudaginn 10. febr. 1933.

Nr. 196/1932. Réttvísing

(Bjarni P. Johnson)

gegn

Árna Jóhannessyni, Viktor Ström og Óskari Lárussyni

(Garðar Þorsteinsson).

Brot g. 23. og 27. kap. hegnl. og l. 51/1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. marz 1932: Ákærður, Árni Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Ákærður, Viktor Ström, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði og ákærður, Óskar Lárusson, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En að því er þá snertir skal fangelsisrefsingunni frestað og hún falla niður nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og séu í því máli dæmdir í þyngri refsingu en sektir.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.